

Samgöngunefnd Alþingis

10.5.2001

**Varðandi: GMI Digital hf og sjónarmið varðandi sölu Landssíma Íslands.**

GMI Digital hf. er stofnað á Hornafirði. Fyrirtækið er nú með rekstur á Hornafirði og í Reykjavík. GMI Digital hf. rekur stafræna sjónvarpsveitu. Starfsemin felst í uppbyggingu og rekstri á stafrænu gagnvirku markaðstorgi fyrir hvers konar myndefni og þjónustur og að dreifa þessu efni yfir fjarskiptanet til neytenda.

Með þessu opnast í fyrsta sinn möguleikar á notkun gagnvirkar sjónvarpstækni hér á landi. Gagnvirkt stafrænt sjónvarp opnar algerlega nýjar leiðir í sjónvarpsnotkun og eykur notkunarmöguleika sjónvarpsins verulega frá því sem nú þekktist. Auk hefðbundins sjónvarpsáhorfs gefst möguleikinn á þáttasölusjónvarpi (pay-per-view), myndefnisveitu (video-on-demand), internetaðgangi og tölvupóstþjónustu, bankaviðskiptum og netverslun, auk fjöldi tækifæra fyrir kennslusjónvarp og fjarnám.

GMI Digital hf. kappkostar að nota þau fjarskiptanet sem þegar eru til staðar eða verið er að byggja upp, við dreifingu sína, í stað þess að byggja upp nýjar dreifileiðir. Þannig næst betri nýting á þá fjárfestingu sem þegar liggur í fjarskiptakerfum landsins.

Almennt skiptir tvennt mestu máli fyrir söluaðila á slíkri virðisaukandi þjónustu:

1. Að fjarskiptanet séu stöðugt í þróun og uppbyggingu þannig að sem flestir landsmenn eigi kost á sem öflugustum gagnatengingum og hafi þannig jafnan aðgang að þjónustunni.
2. Að virk verðsamkeppni ríki í gagnaflutningi þannig að kostnaðarlega hagkvæmt sé að bjóða slíka þjónustu sem víðast.

Til þess að þessum markmiðum sé náð, teljum við eftirfarandi skipta mestu máli:

**Hraðað verði uppbyggingu á breiðbandskerfum (xDSL, kapali, FTTH) og uppbygging grunnnets verði með sambærilegum hætti hvar sem er á landinu. Þetta má styðja með styrkveitingum til uppbyggingar á óhagkvæmum svæðum, með niðurfellingu gjalda þar sem við á og með skattalegum aðgerðum. Eftirlit með verðlagningu á aðgengi að grunnneti verði virkt og byggji á réttum forsendum um raunvörulegt kostnaðarverð slíkrar þjónustu. Þetta má m.a. styðja með því að efla Póst- og fjarskiptastofnun og veita henni auknið vald til beitingu sektarákvæða og annara aðgerða.**

Fyrir landsbyggðarfyrirtæki eins og GMI Digital er lykilatriði að geta staðsett starfsemi sína úti á landi og átt möguleika á því að bjóða sína þjónustu á samkeppnisgrundvelli hvar sem er á landinu, þ.m.t. höfuðborgarsvæðinu. Þannig skapast grundvöllur fyrir uppbyggingu tæknifyrirtækja á landsbyggðinni og sköpun dýrmætra starfa.

**Í þessu sambandi skiptir mestu að verðlagning á gagnaflutningi yfir ljósleiðara byggji á réttum forsendum miðað við aðstæður á hverjum stað – vegalengdir vs. gagnamagn.**

Virðingarfyllt  
f.h. GMI Digital hf.

